

1. Háskólafundur
haldin 2. apríl 2008 í stofu K202 á Sólborg
Fundartími: 10:00-16:00

Dagskrá:

Rektor setur fundinn, fer yfir dagskrá og gerir grein fyrir framkomnum gögnum.

1. Framsaga rektors: Framkvæmd stefnu Háskólans á Akureyri 2007-2011
2. Framsaga Finns Friðrikssonar: Málstefna Háskólans á Akureyri
 - Almennar umræður um framsögur
3. Framsaga Sigurðar Kristinssonar: Siðareglur fyrir Háskólann á Akureyri
 - Kl. 10:50-11:05 Kaffihlé
 - Umræður í hópum um siðareglur
 - Kl. 12:15-13:00 Matarhlé
4. Framsaga Jónu Jónsdóttur: Starfsmannastefna Háskólans á Akureyri
 - Almennar umræður um starfsmannastefnu
 - Kl. 14:00-14:15 Kaffihlé
5. Framsaga Valgerðar H. Bjarnadóttur: Jafnréttisáætlun Háskólans á Akureyri
 - Almennar umræður um jafnréttisáætlun
6. Samantekt og önnur mál.

Fundi slitið

Mættir voru:

Astrid Margrét Magnúsdóttir (AMM) – forstöðumaður upplýsingasviðs
Ása Guðmundardóttir (ÁG) – fulltrúi almenns starfsfólks HA
Finnur Friðriksson (FF) – fulltrúi kennara í háskólaráði
Guðrún Pálmadóttir (GP) - fulltrúi kennara í heilbrigðisdeild
Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir (GRÞ) – forstöðumaður RHA
Hafdís Skúladóttir (HS) – staðgengill Áróunar K. Sigurðardóttur í heilbrigðisdeild
Hermann Óskarsson (HÓ) – deildarforseti í heilbrigðisdeild
Hjalti Þór Hreinsson (HÞH) – fulltrúi nemenda, FSHA
Hrefna Kristmundsdóttir (HK) – fulltrúi Félags prófessora á Íslandi
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (IÁJ) – staðgengill deildarforseta í kennaradeild
Ingibjörg Sigurðardóttir (IS) – aðjúnt í kennaradeild, fundarritari
Jóna Jónsdóttir (JJ) – forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs
Laufey Petra Magnúsdóttir (LPM) – forstöðumaður kennslusviðs
Nik Whitehead (NW) – fulltrúi kennara í viðskipta- og raunvísindadeild
Páll Björnsson (PB) – staðgengill deildarforseta í félagsvísinda- og lagadeild
Rannveig Björnsdóttir (RB) – fulltrúi kennara í viðskipta- og raunvísindadeild
Rósa Kristín Júlíusdóttir (RKJ) – fulltrúi kennara í kennaradeild
Sigrún Magnúsdóttir (SM) – gæðastjóri HA

Sigurður Kristinsson (SK) – deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar
Sólveig Ása Árnadóttir (SÁÁ) – fulltrúi kennara í háskólaráði
Úlfar Hauksson (ÚH) – forstöðumaður fjármálasviðs HA
Valgerður H. Bjarnadóttir (VHB) – höf.: Áætlun um jafna stöðu kynjanna við HA
Þorsteinn Gunnarsson (ÞG) – rektor HA
Þórir Sigurðsson (ÞS) – formaður FHA

Fundarsetning – kl. 10:00-10:05

Rektor setti þennan fyrsta háskólafund Háskólans á Akureyri og bauð fundarmenn velkomna. Hann skipaði Ingibjörgu Sigurðardóttur, aðjúnkt í kennaradeild, ritara fundarins og fór síðan yfir dagskrá hans. Rektor gerði einnig grein fyrir þeim gögnum sem fundarmenn höfðu fengið send fyrir fundinn.

Rektor skýrði síðan frá því að háskólafundir hefðu verið lögleiddir með lögum um háskóla nr. 63/2006 en kæmi nú í ár til framkvæmda við Háskólann á Akureyri. Háskólafundir séu haldnir í háskólum víðast hvar og t.d. hafi Háskóli Íslands haldið slíka fundi frá árinu 1999.

Því næst gerði rektor grein fyrir hlutverki háskólafundar, en hann er samráðsvettvangur háskóladeilda og háskólastofnana um akademísk og önnur fagleg málefni, en fer ekki með beina framkvæmd eða stjórnsýslulegt úrskurðarvald. Háskólafundur vinnur að þróun og eflingu Háskólans á Akureyri og mótar og setur fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans. Rektor gerði ráð fyrir því að með samþykktum sínum um stefnumörkun muni háskólafundur móta stefnu þá sem háskólaráði og rektor er ætlað að taka mið af. Þá gerði rektor grein fyrir hverjir eigi rétt til setu á fundinn, en þeir eru: rektor, forsetar háskóladeilda og staðgenglar þeirra, og viðbótarfulltrúar deilda samkvæmt ákveðnum reglum, fulltrúar stofnana HA, auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslunnar, annars starfsfólks og nemenda. Að lokum greindi rektor frá því að háskólafundir skyldu framvegis fara fram a.m.k. einu sinni á ári.

1. Dagskrárliður - kl. 10:05-10:20

Framsaga rektors: Framkvæmd stefnu Háskólans á Akureyri 2007-2011

Rektor ræddi um framkvæmd stefnu Háskólans á Akureyri sem samþykkt var í háskólaráði 26. febrúar 2007. Yfirmarkmið stefnunnar eru eftirfarandi:

1. Krefjandi og styðjandi námsumhverfi
2. Öflugt rannsóknastarf
3. Virk tengsl við samfélagið
4. Alþjóðlegt samstarf og viðurkenning
5. Skilvirk skipulagsheild

Rektor nefndi helstu málefni er lúta að hverjum þætti fyrir sig. Undir þættinum *krefjandi og styðjandi námsumhverfi* nefndi rektor eftirfarandi:

- Innleiðingu á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður
- Skilgreind lokamarkmið fyrir allar námsleiðir HA
- Starfshópur um uppbyggingu framhaldsnáms við HA að störfum
- Meistaránám í viðskiptafræði hófst síðastliðið haust
- Efling framhaldsnáms í heilbrigðisdeild og kennaradeild
- Starfshópur um lengingu kennaranáms að störfum
- Alþjóðlegt framhaldsnám í heimskautarétti hefst næsta haust
- Meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða hefst næsta haust
- Boðið upp á fjarnám í iðjuþjálfun
- Nýtt kennsluhúsnaði tekið í notkun 2010 og þá mun öll starfsemi HA væntanlega flytjast á háskólasvæðið

Undir liðnum *öflugt rannsóknastarf* ræddi rektor um samning Háskólans á Akureyri við menntamálaráðuneytið varðandi kennslu og rannsóknir sem undirritaður var 18. desember 2007. Þar kemur fram að:

- Kennurum skólans beri að tvöfalda birtingar greina í erlendum ritrýndum tímaritum og þrefalda í íslenskum ritrýndum tímaritum til ársins 2010
- Skipað verði í Vísindaráð og að reglur um vinnumatssjóð og rannsóknamisseri verði endurskoðaðar
- Rannsóknasjóðir háskólans verði efldir. Ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs HA yrði aukið úr 11 mkr. í 16 mkr og að fjárveiting til Vinnumatssjóðs HA yrði aukin úr 25 mkr. í 30 mkr.

Virk tengsl háskólans við samfélagið taldi rektor afar mikilvæg og nefndi í því sambandi fjölgun samstarfsverkefna við atvinnulíf, opna fyrirlestra, málstofur og ráðstefnur og að lokum fyrirhugaða könnun meðal fólks í atvinnulífinu.

Varðandi liðinn *alþjóðlegt samstarf og viðurkenningu* sagði rektor að sérfræðinefnd sú, er heimsótti skólann síðastliðið haust, hefði mælt með því að þrjú meginfræðasvið yrðu viðurkennd skv. lögum um háskóla nr. 63/2006, þ.e. auðlindavísindi, félagsvísindi og heilbrigðisvísindi. Viðurkenninguna sagði hann byggða á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi og væri hún til vitnis um að HA uppfylli gæðakröfur og standist alþjóðlegan samanburð. Þá greindi rektor frá ferð sem hann og fleiri úr stjórnarsýslu skólans fóru til að heimsækja viðmiðunarskóla HA. Þessir skólar eru Copenhagen Business School og Háskólinn í Oulu og sagði rektor heimsóknina hafa verið afar gagnlega og fræðandi. Ennfremur nefndi hann að RES orkuskólinn hefði tekið til starfa síðastliðið haust með tæplega 40 nemendum og benti einnig á að vægi norðurslóðasamstarfs væri sífellt að aukast.

Skilvirka skipulagsheild sagði rektor nauðsynlega og tiltók í því sambandi sameiningu kennaradeildar og félagsvísinda- og lagadeildar í hug- og félagsvísindadeild 1. ágúst næstkomandi. Þá kom fram að fyrir Alþingi lægi frumvarp til laga um ríkisháskóla og aðlaga þyrfti starfsemi HA að þeim lögum. Skipan háskólaráðs yrði breytt þar sem utanaðkomandi fulltrúum yrði fjölgað á kostnað háskólakennara. Megineiningar HA yrðu skipulagðar í formi skóla en deildir yrðu eftir sem áður grunneiningar. Rektor ræddi einnig um málstefnu HA sem var samþykkt í háskólaráði 22. febrúar síðastliðinn og að unnið væri að tillögum um siðareglur, starfsmannastefnu og

jafnréttisáætlun sem háskólafræðingur væri nú ætlað að taka afstöðu til enda væri hann mikilvægur þáttur í stefnumótun skólans. Að endingu gat rektor þess að verið væri að vinna í markaðsátaki til að kynna fjarnám við háskólann.

Því næst ræddi rektor um þá ákvörðun háskólaráðs að fela framkvæmdastjórn skólans að gera drög að þriggja ára starfs- og rekstraráætlun fyrir háskólann. Í áætlun þessari verður gerð tillaga um námsframboð og aðgerðir til að auka gæði kennslu og rannsóknarvirkni. Við þessa vinnu er m.a. höfð hliðsjón af tillögum starfshópa sem skipaðir voru til þess að fjalla um aukna rannsóknarvirkni og aukin gæði kennslu. Fram kom að gert væri ráð fyrir að áætlunin verði lögð fram í háskólaráði í lok þessa mánaðar.

Rektor sagði miklar breytingar hafa verið á starfsemi Háskólans á Akureyri á liðnum árum og að þær muni halda áfram. Háskólasamfélagið stefni í átt að færri og stærri einingum og háskólinn þurfi að skipuleggja sig vel í samræmi við þessa þróun. Hann sagði skólann vera vel í stakk búinn til að mæta frekari áskorunum. Grunnildir Háskólans á Akureyri séu frelsi, traust, framsækni og jafnrétti og stefnumál skólans, s.s. siðareglur, meðferð starfsmannamála og jafnréttismál verði að byggja á þessum gildum.

2. Dagskrárliður - kl. 10:20-10:30

Framsaga Finns Friðrikssonar: Málstefna HA

Í upphafi gerði FF grein fyrir því að hann hefði ekki átt beina aðild að samningu málstefnu þeirri sem hann hygðist kynna heldur væri hann staðgengill Brynhildar Þórarinsdóttur sem er í barnsburðarleyfi um þessar mundir. Málstefna Háskólans á Akureyri var samþykkt í háskólaráði 22. febrúar 2008 og unnin af sérstakri nefnd en hana skipuðu Rafn Kjartansson formaður, Brynhildur Þórarinsdóttir og Andrew Brooks. Málstefnan og framkvæmdaáætlun í tengslum við hana byggjast á eftirfarandi gögnum:

- Viðtölum við deildarforseta Háskólans á Akureyri
- Viðtölum við stjórnendur annarra háskóla á Íslandi
- Viðhorfskönnun meðal allra kennara og nemenda Háskólans á Akureyri
- Málstefnu Háskóla Íslands
- Gögnum um málstefnu nokkurra erlendra háskóla

Á fundinum voru lögð fram Málstefna háskólans og framkvæmdaáætlun hennar. Málstefnan skiptist í sex greinar og er megin inntak hennar eftirfarandi:

1. gr. Tvíþætt hlutverk háskóla:

Háskólanum ber að rækja skyldur sínar við íslenskt samfélag um uppfræðslu, sköpun og miðlun þekkingar. Hann gerir því þær kröfur til starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun, kennslu og þróun íslenskrar tungu, og efla eftir föngum framlag sitt til íslenskrar menningar. Í annan stað skiptir meginmáli að styrkja hlutverk háskólans í alþjóðlegu samhengi, ástunda kennara- og nemendaskipti og samstarf við erlenda háskóla og fræðslustofnanir, og tryggja framlag skólans til fræðimennsku og þekkingarsköpunar á erlendum vettvangi. Til að Háskólinn á Akureyri geti

sem best sinnt starfi sínu við rannsóknir og kennslu ber að leggja á það áherslu að notkun tungumála innan skólans styðji og endurspegli þetta tvíþætta hlutverk skólans.

2. gr. Skyldur við íslenskt samfélag:

Til að uppfylla skyldur sínar við eigið samfélag skal Háskólinn á Akureyri leitast við að efla notkun íslenskrar tungu á sem flestum sviðum innan skólans.

3. gr. Íslenska opinbert tungumál:

Öll skjöl sem HA lætur frá sér fara teljast í frumriti á íslensku. Útgáfur á öðrum tungumálum teljast þýðingar og skal íslenska útgáfan gilda ef málfarslegur ágreiningur kemur upp. Fundir innan stjórnsýslunnar skulu að jafnaði fara fram á íslensku, en fari þeir fram á ensku eða öðru erlendu tungumáli skal þess getið sérstaklega í fundarboði. Fastráðnir kennarar sem ekki hafa íslensku að móðurmáli skulu innan fimm ára hafa öðlast nægilega færni í tungumálinu til að eiga almenn samskipti, geta setið fundi og geta hagnýtt sér upplýsingar frá stjórnsýslu háskólans.

4. gr. Þróttmikil alþjóðleg starfsemi:

Stuðningur við þátttöku í alþjóðlegri starfsemi felst fyrst og fremst í öflugu hlutverki enskunnar svo og annarra erlendra tungumála (t.d. Norðurlandamála) innan háskólans. Tryggja verður nægt framboð námsleiða (eða námsbrauta, sér í lagi í framhaldsnámi) á ensku til að sinna þörfum skiptinema. Gerðar eru ríkar kröfur um vandað málfar í kennslu á ensku, rétt eins og á íslensku.

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að háskólakennarar séu færir um að fjalla um fræðasvið sín á fleiri en einu tungumáli. Háskólinn hefur hag af fjölbreyttri tungumálakunnáttu starfsfólks, t.d. þeirra sem hlotið hafa menntun erlendis og erlendra starfsmanna er færa skólanum mismunandi móðurmál. Slík kunnátta er Háskólanum á Akureyri afar dýrmæt og hvetur til fjölbreyttari starfsemi á alþjóðavettvangi.

5. gr. Málfarslegur stuðningur háskólans:

Mikilvægt framlag háskólans til eflingar málnotkunar, fyrst og fremst á íslensku og ensku, felst í víðtækum málfarslegum stuðningi við kennara í nánast öllum störfum þeirra. Háskólinn býður upp á námskeið í íslensku og íslenskri menningu fyrir fastráðna kennara erlendis frá.

6. gr. Ábyrgð, umsjón og framkvæmd:

Rektor ber ábyrgð á málstefnu Háskólans á Akureyri, en deildir hafa umsjón með framkvæmd hennar.

FF sagði málstefnuna vera óvenjulega miðað við málstefnur annarra háskóla: Ákveðið hefði verið að fara nýjar leiðir í þessum efnum til þess að málstefnan næði fram að ganga með því að setja fram framkvæmdaáætlun.

Almennar umræður um framsögu rektors og málstefnu HA

Eftir að FF lauk máli sínu gaf rektor orðið laust. LPM vakti máls á orðnotkun í málstefnunni, en í textanum væri ýmist notuð orðin *kennarar*, *starfsfólk*, *starfsmenn* um starfsfólk skólans og benti á að starfsfólk í stjórnslu og stoðþjónustu þurfi að vera sýnilegt í málstefnunni. Einnig eigi þetta við um innleiðingu stefunnar þar sé einungis talað um deildir háskólans.

HK beindi orðum sínum til rektors og velti fyrir sér boðaða breytingu á háskólaráði samkvæmt nýju frumvarpi um háskóla. Hún sagði vægi akademískra starfsmanna vera lítið í stjórn skólans og fara minnkandi. Rektor vildi ekki kannast við minnkandi vægi akademískra starfsmanna og sagði að frumvarpið ætti að skerpa á skilvirkni háskólanna. Háskólaráð fái meira eftirlitshlutverk en háskólafundurinn meira vægi á móti. Valdið muni færast frá rektor til einstakra skóla sem verða myndaðir en deildir verði áfram grunneiningar háskólans.

ÞS varpaði þeirri spurningu fram hvort það gæti verið að yfirstjórn skólans finnist fundir eins og þessi vera óþarfir og nefndi í því sambandi að starfsmannafundir væru haldnir alltof sjaldan. Rektor vísaði því á bug og benti á að mikill undirbúningur hafi farið í þennan fund og fjöldi manns hafa komið þar að. Fundurinn væri tæki til að efla starf háskólans enn frekar. ÞS spurði þá hvers vegna háskólafundur hafi ekki verið haldinn í fyrra og sagði rektor það hafa verið samkomulag að fresta þeim fundi vegna veikinda sinna. ÞS fagnaði síðan málstefnu og spurði jafnframt hvers vegna námsframboð á ensku í tölvunarfræði hafi verið samþykkt á sínum tíma og svaraði rektor því til að það hefði verið gert af praktískum ástæðum, m.a. vegna þess að kennarar hefðu allir verið erlendir.

RB spurði þá hvort ekki væri til of mikils ætlast að erlendir starfsmenn háskólans næðu tókum á íslensku á fimm árum. SK tók undir þetta og sagði að viðbrögð starfsmanna í félagsvísinda- og lagadeild hefðu verið mismunandi. Íslendingarnir hefðu yfirleitt verið sáttir, en útlendingar hefðu sett fram ýmsar spurningar, m.a. varðandi það að læra um íslenska menningu. Samt hefðu menn fagnað þeirri skuldbindingu sem kemur fram í málstefnunni því hún er gagnkvæm. Allir hefðu verið tilbúnir að undirgangast ákvæði eins og t.d. fimm ára regluna ef tækifæri byðust til að læra íslensku. Varðandi 8. lið framkvæmdaáætlunar málstefunnar þar sem segir: „Deildir háskólans sjá til þess að íslenskir nemendur fái fræðilegan orðaforða á íslensku í námi, hvort sem námið fer fram á íslensku eða ensku“ sagði SK spurningu um hver ætti að kosta þetta orðskýringarferli. Síðan lýsti hann yfir ánægju sinni með fundinn, framsögu rektors og sagði spennandi tíma framundan.

HÓ fagnaði málstefnunni og vakti athygli á því að Andrew Brooks hefði verið einn af þremur í málstefnufundinni þannig að sjónarmið erlendra starfsmanna hefðu verið til staðar í verkferlinu. Varðandi fundarhöld síðustu ár sagði hann að mikil vinna hafi farið fram á undanförunum misserum sem sé að skila sér núna. Hann kannaðist ekki við strjál fundahöld í framkvæmdastjórn og sagðist miðla öllu til kennara í sinni deild. Að lokum beindi hann máli sínu að málstefnunni og sagði hana metnaðarfulla, en ýmislegt þyrfti að skoða nánar sbr. athugasemdir LPM og SK. Nauðsynlegt sé að fá stuðning allra til að gera þetta eins vel og best verður á kosið. SM tók undir athugasemd LPM, en varðandi fyrirspurn RB sagðist hún vita dæmi þess að starfsmaður hafi fengið tvö ár til að tileinka sér framandi tungumál við erlendan háskóla svo að fimm ár ætti að vera nægur tími fyrir erlenda starfsmenn skólans.

IÁJ tók undir með SK um að stefnumótun væri vel unnin, það sé hins vegar veikleiki Háskólans á Akureyri að ekki hefur verið lögð áhersla á markmiðssetningu varðandi rannsóknir. Samningurinn við menntamálaráðuneytið segi til um þetta og það muni koma í ljós eftir eitt ár hvort þessi markmið náist árið 2010. Ef mikið af efni bíður birtingar í lok ársins 2010 þá verður að greina menntamálaráðuneytinu frá því, en miðað við almennt ferli birtinga þá er þessi samningstími mjög stuttur. Umbun í form greiðslu vegna kostnaðar sagði hann hafa verið takmarkaða og einnig taldi hann gagnrýnivernt að menntamálaráðuneytið skuli setja það inn í samning við háskólann hversu margar deildir eigi að vera í skólanum, þ.e. þrjár. Varðandi málstefnuna benti hann á að þar væri ekki gert ráð fyrir því erlendir kennarar myndu kenna á íslensku eftir 5 ár og einnig væru dæmi um íslenska starfsmenn sem ekki treystu sér til að taka til máls á ensku á fundum. Málstefnan sé stuðningur fyrir þá sem ekki hafa treyst sér til þess að skrifa á ensku og einnig fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku. Að lokum lagði IÁJ til að deildirnar yrðu tvítyngdar á þann hátt að allur texti frá þeim myndi fara á vefinn á bæði íslensku og ensku.

3. Dagskrárliður - kl. 10:40-10:50

Framsaga Sigurðar Kristinssonar: Siðareglur fyrir Háskólann á Akureyri

SK hóf mál sitt á því að kynna starfshóp sem unnið hefur að siðareglum fyrir háskólann. Nefndina skipa:

- Andrew Brooks, heilbrigðisvísindi, tilnefndur af heilbrigðisdeild
- Anna Jenný Jóhannsdóttir, fulltrúi nemenda
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, félagsvísindi, tilnefnd af þremur deildum: félagsvísinda- og lagadeild, kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild
- Sigurður Kristinsson, tilnefndur af siðanefnd Háskólans á Akureyri, formaður
- Sigþór Pétursson, raunvísindi, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindadeild

Verkefni starfshópsins var að útbúa heildstæðar siðareglur fyrir starfsfólk og nemendur háskólans. Forsendur sem starfshópnum voru gefnar í upphafi voru samkvæmt erindisbréfi.

- Lög um háskóla nr. 63/2006, 2. gr.
- Reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007, 13. gr.
- Reglur um viðurlög við ritstuldi nr. 727/2006, 6. gr.
- Drög að siðareglum fyrir nemendur við félagsvísinda- og lagadeild

Starfshópurinn hefur fundað sex sinnum frá 8. janúar til 12. febrúar 2008 og á þeim tíma hefur hann m.a. kynnt sér siðareglur háskóla í Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada og Svíþjóð, auk íslenskra háskóla. Nefndin auglýsti einnig tilvist sína á vef háskólans og bauð fólki að senda inn ábendingar. Til starfshópsins barst sú ábending að í nefndina vantaði fulltrúa starfsfólks í stoðþjónustu. Starfshópurinn sendi síðan fyrstu drög á póstlista starfsfólks og nemenda 29. janúar með beiðni um athugasemdir og ábendingar. Viðbrögð bárust frá átta kennurum og einum nemanda. Þá var unnið áfram með drögin með hliðsjón af ábendingunum og fengin ráð hjá Pétri Dam Leifssyni, lektor í lögfræði við skólann og formanni siðanefndar HA. Í kjölfarið voru gerðar fáeinar breytingar á gr. 23. og 31. Helstu viðmið starfshópsins voru eftirfarandi:

- Siðareglurnar skyldu vera í hóflegri lengd í anda boðorðanna tíu
- Reglurnar skyldu vera almennar þar sem vísað væri í gildandi reglur, leiðbeiningar og ferli eftir atvikum
- Reglurnar skyldu byggjast á gildum sem liggja til grundvallar góðu siðferði í hvaða háskólasamfélagi sem er, þ.e. réttlæti, virðingu og ábyrgð
- Haldið væri til haga efnisatriðum úr siðareglum HÍ, en framsetning skipulögð út frá gildum en ekki hópum starfsfólks þannig að forðast mætti endurtekningar á sömu ákvæðum

Almennt fékk starfshópurinn mjög jákvæðar undirtektir en þó komu ábendingar eins eftirfarandi:

- Reglurnar væru of almennar eðlis
- Taka þurfi fram að hver deild skólans skuli heimilt að setja nánari siðareglur
- Kærur skuli fara til siðanefndar
- Safna beri saman lögum sem tengist efninu, t.d. sbr. 19. gr. siðareglanna
- Nota beri orðalagið „starfsfólk og nemendur“ en ekki „kennarar, nemendur og annað starfsfólk“
- Vísa í Stefnu um jafnt aðgengi að námi og störfum við HA
- Vantar kvaðir um ábyrgð starfsfólks í stoðþjónustu, t.d. hvað varðar persónuvernd og ástarsambönd
- Vantar að grunngildi í stefnu háskólans 2007-2011 komi fram, þ.e. frelsi, traust, framsækni og jafnrétti
- Vísað verði í reglur kennaradeildar um skiladaga verkefna
- Hvort háskólasamfélagið er tilbúið að taka upp varúðarregluna, sbr. 29. gr. siðareglanna? Ef ekki mætti þá í staðinn segja að athafnir okkar séu í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun?
- Hvort ekki væru nein viðurlög við brotum á siðareglunum? Hvort þau gætu leitt til áminningar eða brottrekstrar úr starfi eða námi?
- Vísa í reglunum til vefslóða Persónuverndar og Vísindasiðanefndar
- Hvort það sé framkvæmanlegt í þessu litla háskólasamfélagi að annar kennari taki við námsmati ef ástvinur eða fjölskyldumeðlimur er meðal nemenda, sbr. 19. gr. siðareglanna
- Hvort það sé of bindandi að banna ástarsambönd alveg, skv. 19. gr. Hvað á að gera ef einhver verður uppvís að slíku? Á að beita viðurlögum? Eða láta nægja að námsmat verði á hendi annarra?

SK sagði starfshópurinn ánægðan með ábendingarnar þótt hann væri ekki sammála þeim öllum. Í þessu sambandi nefndi SK þá ábendingu um að reglurnar væru of almennar og sagði að þær ættu ekki að leggja fólki lífsreglur heldur minna á sjálfsagða hluti í siðmenntuðu samfélagi og vera þannig leiðbeinandi. Siðareglunum væri ætlað að vera tímalaust skjal sem hægt væri að nýta í hvaða háskólasamfélagi sem væri. Hins vegar var starfshópurinn sammála um að safna bæri lögum sem tengist efni siðareglanna og benti SK á tvær greinar í almennum hegningarlögum sem gætu átt við í þessu sambandi, en þar segir:

198. gr. Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann ... með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í

atvinnu sinni eða sem skjóttæðingur hans í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum ...

134. gr. Misnoti opinber starfsmaður stöðu sína til þess að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert, þá skal hann sæta ... fangelsi allt að 3 árum.

Varðandi ábendingu um hvort ekki ætti að beita viðurlögum við brotum á siðareglum sagði SK að það væri ekki hlutverk siðanefndar að úrskurða eða fella dóma yfir fólki því að það væri frekar í höndum rektors. Einnig kom fram hjá Sigurði að starfshópurinn hefði ákveðið að láta 19. gr. siðareglanna um bann við ástarsamböndum kennara og nemenda standa þrátt fyrir mikla bindingu enda sé tekið almennt mjög hart á þessu í erlendum háskólum. Að lokum sagði SK að skráning siðareglna væri leið til þess að hjálpa fólki að vanda sig í starfi og leysa úr vanda þess. Mikilvægast sé að hverjum og einum finnist reglurnar vera sínar því þá sé líklegt að fólk muni leita til þeirra ef á þarf að halda.

Almennar umræður um siðareglur

Eftir framsögu Sigurðar ákvað rektor að fresta skyldi hádegishléi um 30 mínútur til þess að hægt væri að afgreiða umræður um siðareglurnar. Ákveðið var að sleppa hópumræðum og hafa í staðinn almennar umræður um siðareglurnar.

Meðal fundarmanna var almenn ánægja um tillögurnar. PB spurði hvort SK hefði sjálfur ekki verið einn af þeim sem kom að samningu siðareglna fyrir HÍ og um hver væri helsti munur á siðareglum HÍ og tillögum að siðareglum Háskólans á Akureyri. SK játti því að hafa komið að samningu siðareglna HÍ og kvað breytta framsetningu á siðareglum Háskólans á Akureyri vera helsta muninn. Þar væru fleiri ákvæði, styttri útlistingar, vísanir áfram í aðrar reglur, sem viðkæmi efninu, og síðan væri ekki eins mikið um endurtekningar eins og í reglum HÍ. ÞS spurði hvort oft reyndi á reglur sem þessar og svaraði SK því til að það væri ekki vitað hversu oft þær væru brotnar enda væri tilgangur þeirra að fyrirbyggja mistök og það er mjög sjaldgæft að til viðurlaga komi. Rektor nefndi nýlegt mál ónefnds prófessors við félagsvísindadeild HÍ og sagði að þar hefði málið fallið á formsatriðum. Þá hafi ekki verið lagagrundvöllur fyrir siðanefnd en nú er það komið inn í lögin frá árinu 2006. Þau mál sem sluppu framhjá siðanefnd áður vegna formgalla eigi því ekki að gera það nú.

HK spurði hvort ekki megi vekja athygli á þessum reglum meðal allra eininga innan háskólans og brýna fólk til að sýna háttvísi og virðingu í samskiptum við aðra. Framsetning reglnanna sé einmitt tækifæri til að koma slíkri umræðu af stað. SK tók undir þessa hugmynd. IÁJ sagði mikilvægt að safna saman reglum sem vísað er til í siðareglunum, en þær geti því ekki verið tímalaust skjal. Nauðsynlegt sé að endurskoða reglur og mikilvægt sé að vísa í reglur um jafnræði. Í litlu samfélagi er mikið um persónuleg tengsl og þess vegna sé mikilvægt að vísa í reglur fólki til leiðbeiningar. Ýmsar reglur eru til um það hvernig maður hegðar sér í samskiptum við kollega þegar fræðilegur ágreiningur er uppi. IÁJ tók dæmi um blaðaskrif á síðasta ári milli kennara háskólans og sagði að þá hefði verið gott að hafa siðareglur til að benda á það hvað megi ganga langt í gagnrýni í garð samstarfsfélaga sinna. SK sagði þetta annars vegar vera spurningu um akademískt frelsi til að gagnrýna með málefnalegum hætti, en hins vegar megi ekki fara fram með offorsi því það getur hleypt málum upp.

Skoðanaskipti séu hins vegar eðlileg í háskólum enda sé það eðli þeirra að vera með gagnrýna umræðu.

RB sagðist vinna talsvert með fyrirtækjum úti í samfélaginu. Hún hafi þess vegna hnotið um 13. gr. siðareglanna þar sem segir að starfsmenn skólans muni ekki leyna niðurstöðum og spyr því hvað er átt við með þessu. SK sagði þetta góða ábendingu. Þegar unnið sé með einkaaðilum sé það stundum eðlilegt verkferli að birta ekki niðurstöður strax nema brýnar og almennt viðurkenndar aðstæður krefjist þess. Hann taldi að líklega væri betra að nota ekki *leyna* í textanum heldur tala frekar um að *birta ekki*. RB sagði þá vald siðanefndar vera mikið varðandi úrslit mála og spurði því hvort ekki væri mikilvægt að ræða það hverjir ættu að sitja í siðanefnd Háskólans á Akureyri og hvort að utanaðkomandi aðili ætti ekki að eiga þar sæti

SÁÁ vakti athygli á því að umdeildar skoðanir og ágreiningur yrði stundum að einelti og taldi mikilvægt að málefnið yrðu afgreidd af sanngirni. Hún sagðist vona að siðareglurnar gætu hjálpað fólki að komast út fyrir þetta persónulega. Hún taldi mikilvægt nýta sér reglurnar vel í starfi, ekki síst þegar ágreiningur kemur upp. SÁÁ sagði mjög gott að hafa tengla í siðareglunum sem vísuðu á lög og reglur sem tengjast hverju máli fyrir sig, en vildi vita hver bæri ábyrgð á að uppfæra þess tengla? SK taldi að siðanefnd ætti að gera það en sagði að það ætti eftir að taka endanlega ákvörðun um hver ætti að sinna því.

IÁJ lagði til að orðalaginu yrði breytti í „að leyna ekki niðurstöðum er varða almannaheill“. Sagði hann ákvæði um þetta í vísindasiðareglum og reglum um hugverkarétt og tók síðan dæmi um lokaritgerðir í háskólum, þar sem nemendur geta lokað aðgangi um aldur og ævi. Menn megi leyna niðurstöðum sem litlu skipta, en ekki þeim niðurstöðum sem varði almannaheill. SK taldi að það væri ekki sá skilningur á reglunum að það væri sérstaklega bundið við almannaheill. IÁJ tók þá annað dæmi um Íslensku erfðagreiningu þar sem það var gagnrýnt að vísindamaður væri að blaðra um rannsóknir sínar í fjölmiðlum. SK sagði þá sérstaka faglega ábyrgð að vísindasamfélagið í heild njóti góðs af rannsóknum. Það sé skylda akademískra borgarar að hafi þeir komist að niðurstöðum með viðurkenndum aðferðum verði þeir að birta þær. IÁJ sagði þá líklegt að hugverkaréttindi gætu hugsanlega stangast á við siðareglurnar og skyldurnar við samfélagið því að sumt vilji menn ekki tala um í fjölmiðlum, s.s. niðurstöður um skólastarf gætu verið viðkvæmar þar sem þeirra var aflað með þeim hætti að þær væru trúnaðarmál. SK sagði þá allar siðareglur væru þannig að það gætu verið reglur sem stangast á við þær. Þá þarf að ræða það og taka á þeim árekstrum sem upp koma, en jafnframt þyrftu að vera til leiðbeiningar fyrir fólk um hvernig taka ber á málum.

AMM tók upp þráðinn varðandi kynningar. Hún hefur kennt upplýsingalæsi og komið inn á fræðslu sem tengist ritstuldi og spurði hvernig það hefur verið kynnt nemendum hingað til. Hún fagnaði því að núna sé þetta hluti af kennslu í aðferðafræði því oft vita nemendur ekki hvað ritstuldur er og eru kannski að vinna í góðri trú. Hún taldi að upplýsa þyrfti nemendur betur um hvað ritstuldur væri. SK sagðist sjálfur hafa verið að kenna nemendum þessa hluti og því vita hvar skóinn kreppir.

JJ lýsti yfir ánægju sinni yfir reglunum en velti því jafnframt fyrir sér hvernig ætti að fá fólk til að lesa þær. Reglurnar væru uppá margar síður og viðbúið væri að fólk myndi ekki gefa sér tíma til að lesa svo langt mál. JJ sagðist vona að gera flókna hluti

einfalda og lagði til að gerð yrði styttri útfærsla að reglunum sem myndi auðvelda kynningu og að fólk myndi tileinka sér þær. SK tók undir þessa ábendingu.

PB spurði um skipan siðanefndar og hvort það væri meiningin að núverandi siðanefnd, sem einungis tekur á ritstuldarmálum, muni starfa áfram. SK taldi eðlilegt að nefndin myndi starfa áfram en kannski þyrfti að endurskoða skipan hennar í ljósi breytinga innan háskólans. PB tilgreindi þá að núverandi siðanefnd legði til viðurlög í ritstuldarmálum. Starfshópurinn leggi hins vegar til að siðanefnd geri ekki tillögur að viðurlögum. SK svaraði því til að þetta eitt að þeim málum sem þyrfti að ræða frekar. Rektor lagði áherslu á það að fulltrúar allra deilda sitji í siðanefnd en jafnframt verði leitað út fyrir háskólann til að styrkja nefndina.

ÁG vakti máls á 31. grein siðareglanna þar sem segir að „[...] aðilar innan og utan skólans geti beint erindum til nefndarinnar [...]“ og spurði hverjir þessir utanaðkomandi aðilar væru og hvernig erindi þetta væru? SK tók þá dæmi um að prófessor við félagsvísindadeild HÍ hafi fengið kærur frá aðila utan HÍ. ÁG vildi þá vita hvort stofnanir væru aðilar að háskólanum að þessu leyti. SK sagði siðareglurnar eiga ekki við um þá sem eru utan skólans.

LPM lagði þá til að mildara orðalag yrði notað í 30 gr. siðareglanna þar sem segir: „Rökstudda ásökun um brot á siðareglum [...]“ og skipt yrði út orðinu *ásökun* fyrir *ábendingu*. HÓ vakti máls á mikilvægi 9. gr. siðareglanna þar sem stendur: „Við gætum persónuverndar og stöndum vörð um réttindi og hagsmuni þeirra sem taka þátt í rannsóknum okkar“ því viðmælendur í viðtalskönnun kvörtuðu stundum undan því að of mikið hefði komið fram um það hverjir þeir væru. SK sagði að þetta væri dæmi sem hægt væri að beina til siðanefndar. Að lokum þakkaði rektor fundarmönnum umræðuna og lagði til að reglunum yrði vísað til umræðna í deildum háskólans og loks til háskólaráðs og var það samþykkt.

Matarhlé: kl. 12:45-13:30

4. Dagskrárliður – kl. 13:30-13:40

Framsaga Jónu Jónsdóttur: Starfsmannastefna Háskólans á Akureyri 2008-2012

JJ sagði starfsmannastefnu Háskólans á Akureyri tengjast siðareglunum á margan hátt. Hún kynnti annars í upphafi stýrihópinn sem vann að tillögunni um starfsmannastefnunni, en hann skipuðu eftirtaldir: Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs og formaður hópsins, Sigrún Magnúsdóttir, gæðastjóri og Steinunn Aðalbjarnardóttir, verkefnisstjóri launa- og starfsmannamála. Með stýrihópnum störfuðu einnig eftirtaldir fulltrúar úr deildum háskólans: Ágúst Þór Árnason úr félagsvísinda- og lagadeild, Eygló Björnsdóttir úr kennaradeild, Fjóla Björk Jónsdóttir úr viðskipta- og raunvísindadeild og Sólveig Ása Árnadóttir úr heilbrigðisdeild. Fram kom að frestur til að skila athugasemdum um stefnuna hafi runnið út 28. mars en enn hafi ekkert komið frá umsóknaraðilum hins vegar hafi skipan nefndarinnar hafi verið gagnrýnd vegna kynjaskiptingar.

Vinna við mótun starfsmannastefnunnar hófst með gagnaöflun og fundum sumarið 2007. Skoðuð voru ýmis fyrirbyggjandi gögn, m.a. könnun sem Parx framkvæmdi meðal ríkisstarfsmanna í desember 2006, gögn úr vinnu við mótun stefnu fyrir

Háskólinn á Akureyri 2007–2011, fræðilegir textar um mótun starfsmannastefna og stefnur annarra íslenskra háskóla og fyrirtækja.

Í október 2007 voru tilbúin drög að helstu markmiðum stefnunnar og þá var haldinn opinn fundur á Öngulsstöðum þar sem öllu starfsfólki háskólans var boðið að taka þátt. Á fundinum var unnið með markmiðin og skilgreindar aðgerðir til að ná þeim. Eftir fundinn voru fyrstu drög að starfsmannastefnu send starfsfólki og því gefið tækifæri til að senda inn athugasemdir. Stýrihópurinn vann síðan úr athugasemdunum ásamt fulltrúum kennara og afraksturinn er tillagan sem nú er lögð fram. Tillaga að starfsmannastefnu Háskólans á Akureyri 2008-2012 er svohljóðandi:

Samhent og öflug liðsheild

Starfsmannastefna Háskólans á Akureyri 2008-2012

Inngangur

Háskólinn á Akureyri er metnaðarfullt þekkingarsamfélag í örum vexti og þekkingin sem býr í starfsfólki er helsti auður hans. Í Háskólanum er lögð áhersla á að skapa hvetjandi og frjótt starfsumhverfi þar sem þekking og færni starfsmanna fá að njóta sín og vaxa. Lögð er áhersla á að bjóða fyrirmyndar starfsumhverfi á nýuppbyggðu háskólasvæði sem umlukið er náttúrufegurð Eyjafjarðar.

Samkvæmt meginstefnu Háskólans á Akureyri til ársins 2011 er unnið að því að skapa krefjandi og persónulegt námsumhverfi þar sem nemendur settir eru í öndvegi. Háskólinn leggur áherslu á að efla rannsóknastarf og virk tengsl við samfélagið bæði hér á landi sem erlendis. Stefnt er að því að Háskólinn verði alþjóðlega viðurkennd menntastofnun sem skarar framúr á völdum fræðasviðum. Háskólinn á Akureyri mun ná markmiðum sínum með samhenti og öflugri liðsheild starfsmanna þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum aðgerðum er varða starfsmannamál.

Markmið eru eftirfarandi:

Jafnrétti

Í Háskólanum á Akureyri er lögð áhersla á jafnræði og jafnrétti. Starfsfólki er ekki mismunað eftir aldri, kynferði, kynþætti, kynhneigð, fötlun, þjóðerni, trúar- eða stjórnmálaskoðunum. Stefnt er að jöfnu hlutfalli kynjanna í stjórnun, þjónustu og kennslu. Allt starfsfólk skal fá sömu tækifæri og hvatningu til að þróast í starfi og ná árangri. Einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki liðin og leitast er við að vinna með öðrum stofnunum á jafnréttissviði í þeim tilgangi að miðla upplýsingum og þekkingu á jafnrétti á vekjandi og hvetjandi hátt.

Ráðningar og móttaka nýliða

Háskólinn á Akureyri vill laða til sín hæft starfsfólk með hliðsjón af faglegum kröfum, gildum og þörfum, jafnframt tryggja markvisst ráðningar- og móttökuferli.

Stjórnun

Góð stjórnun er grundvöllur þess að Háskólinn á Akureyri sé skilvirk skipulagsheild. Aðgengi að gögnum þarf að vera tryggt og upplýsingaflæði á að vera gott.

Frammistöðumat, stuðningur, símenntun og starfsþróun

Háskólinn á Akureyri styður starfsfólk til að ná árangri og hvetur það til sí- og endurmenntunar. Notað er skilvirkt kerfi til að meta frammistöðu og leitast er við að tryggja að allt starfsfólk fái jöfn tækifæri til framþróunar og sé hvatt til að nýta sér þau

Starfsaðstaða og vinnuumhverfi

Háskólinn á Akureyri sér til þess að starfsfólk geti unnið vel og hafi til þess nauðsynlega aðstöðu/stuðning. Lögð er áhersla á að uppfylla kröfur um öryggi, hollustu og vinnuvernd. Starfsfólki á að líða vel á vinnustaðnum og hlakka til vinnudagsins.

Að samræma starf og einkalíf

Háskólinn á Akureyri vill að starfsfólk hafi svigrúm til að finna jafnvægi milli starfs og einkalífs. Komið er til móts við starfsfólk hvað varðar vinnutilhögun, starfshlutfall og orlofstöku þegar það er mögulegt.

Starfslok

Háskólinn á Akureyri býður upp á sveigjanleika við starfslok og leggur áherslu á að viðhalda tengslum við starfsfólk sem hefur hætt störfum vegna aldurs.

JJ sagði að í stefnunni væri aðgerðum skipt milli ábyrgðaraðila. Gert væri ráð fyrir að ráðinn yrði starfsmannastjóri til að sinna mörgum þeirra verkefna sem þurfi að vinna til að stefnan nái fram að ganga. Þar sem ekki væri enn vitað hvort eða hvenær það yrði gert þótti hópnum ekki skynsamlegt að skilgreina tímamörk á ráðningu starfsmannastjóra. Sú ákvörðun væri í höndum þeirra sem stýra fjármálum háskólans. Stýrihópurinn leggur til að tillagan verði lögð fram til kynningar hjá deildum og sviðum háskólans og stéttarfélagum starfsmanna áður en hún verður samþykkt endanlega. Jafnframt sagði JJ að stýrihópurinn og fulltrúar kennara væru reiðubúnir til að vinna úr þeim athugasemdum sem þar kunna að koma fram.

Almennar umræður um tillögu að starfsmannastefnu:

RB vakti máls á annarri efnisgrein í inngangi starfsmannastefnunnar þar sem segir: „ Háskólinn leggur áherslu á að efla rannsóknastarf og virk tengsl við samfélagið bæði hér á landi sem erlendis“ og spurði hvers vegna það stæði ekki að Háskólinn á Akureyri legði áherslu á efla kennslu ekki síður en rannsóknir. JJ þakkaði ábendinguna og sagðist ætla skoða þetta nánar. IÁJ gerði þá þátt starfsmannastefnunnar um starfslokinn að umtalsefni gerði það að tillögu að þeir sem létu af störfum sökum aldurs fengju starfsaðstöðu og gætu birt greinar í nafni háskólans. Margir stundi áfram rannsóknir og birti þær, þetta geti því verið afar hagkvæmt fyrir báða aðila.

Þá vék IÁJ máli sínu að áhættumatsskýrslu sem gerð var fyrir Þingvallastræti. Þar kom fram að það er ýmislegt sem veldur streitu og vinnuálagi, m.a. húsnæðið og starfsaðstaðan. Hann benti á að það væri hluti af starfsmannastefnu að taka mið af þáttum er varða húsnæði og tók sem dæmi kaffistofu kennara á 3. hæð í

Pingvallastræti sem stenst enga staðla um aðbúnað en hefur samt mikið félagslegt gildi. Þá ræddi hann um reglur um skráningu fjarveru þeirra sem hafa sveigjanlega viðveruskyldu og taldi að það myndi valda óánægju hjá þeim sem vilja vinna heima. Þetta atriði tengist frelsi og sjálfræði sem sé hluti af starfi kennara. Kennarar geti ekki skrifað í ónæði og því yrði helgarvinnan meiri. Á sínum tíma kom til tals að setja um skráningarskyldu á farveru kennara en það var fellt í kennaradeild. IÁJ sagði að sér fyndist í lagi að hafa fjarveru skráða sérstaklega til þess að hjálpa fólki að átta sig á hvort viðkomandi væri yfirleitt á staðnum. Ef hins vegar væri gerð krafa um viðveruskyldu, þá taldi hann að einhverjir myndu hugsa um að fá sér annað starf. Í þessu sambandi vísaði hann til háskólanna í Borgarfirði þar sem eru reglur um viðveru og viðmið þar um. IÁJ taldi að ákvæði um þetta ætti ekki endilega erindi í starfsmannastefnuna en koma þyrfti að stað umræðu um þetta. Í raun hafi kennarar ekki viðveruskyldu nema þegar þeir eru að kenna og þurfa að sitja á fundum. Tæknin hafi líka gert það að verkum að flestir hafi síma meðferðis svo hægt er að ná í þá allsstaðar. Hann sagði margt vera í þessu sem þyrfti að ræða. Hættan væri alltaf sú að það væri farið að stjórnast of mikið í fólki og sjálfur sagðist hann ekki vilja missa þetta frjálrsræði úr eigin starfi.

JJ sagði það áskorun fyrir háskólann að bjóða upp á vinnuáðstaður þar sem fólk getur unnið í friði. Nemendur séu einnig hvattir til að vera á skólasvæðinu og vinna saman. Nauðsynlegt sé að vinnuástaðan sé þannig að hægt sé að vinna á staðnum þegar búíð er að kosta til skrifstofu og búnaðar fyrir starfsmanninn. IÁJ taldi gott að nefna það í stefnunni að þegar er verið að ráða kennara til starfa þá sé það á sviði viðkomandi deildarforseta. Varðandi annan lið stefnunnar sagði hann að skýrar reglur vera til um það hvernig háskólakennarar eru ráðnir og þess vegna þyrfti að tvískipta reglum um ráðningu starfsfólk háskólans. Ólíkar reglur gildi varðandi akademíska starfsmenn, ferlið er skilgreint í reglum og óþarfi að innleiða eitthvað sem er þegar til starfsreglum. Að lokum fagnaði IÁJ stjórnendapjálfun.

HK fagnaði stefnunni, en taldi hana of almenna. Hún sagði akademíska starfsmenn vanta í nefndina og taldi að það væri ekki nóg að hafa þá sem ráðgefandi tengiliði. HK fannst einnig að í starfsmannastefnunni ætti að vera kveðið á um ráðningu reyndra og hæfra kennara til starfa í samræmi við stefnu háskólans. Þá sagði hún að gott væri að fá skilgreint verklag um móttöku nýrra kennara. Stundakennarar fái enga kynningu, einungis mjög stutta tilsögn hjá Gagnasmiðjunni. Það þyrfti að vera til handbók fyrir stundakennara. HK taldi ráðningu starfsmannastjóra ágæta tillögu en fyrst og fremst þyrfti ferli til þess að taka á móti nýjum starfsmönnum. Þá sagði hún starfsmannasamtöl vera gagnslaus, betra væri að hafa jafningjamat eins og tíðkast hefur í hinum háskólunum og hefur reynst vel. Jafningjamatið væri besta matið.

Síðan beindi HK máli sínu að kaffistofu kennara og sagði að afdrep fyrir kennara vanta á Borgum þar sem hægt væri að hafa faglega umræðu um kennslu og slík mál án þess að nemendur séu áheyrendur. Einnig sagði hún vanta tæknimenn í HA til að reka ákveðin tæki og tól sem ekki eru einungis ráðnir að einstökum verkefnum. HA mun ekki fá gott fólk ef það er alltaf ráðið í skamman tíma. Fólk þurfi starfsöryggi, góð laun og góða starfsaðstöðu. Að lokum vék HK máli sínu að verklagi við uppsagnir við HA og sagði þær hafa skaðað háskólann mikið og úr því þurfi að bæta. JJ sagði að uppsagnir ættu ekki heima í þessari stefnu varðandi starfslok, en HK sagði að um þetta þyrftu að vera reglur, þ.e. hvernig það er ákveðið og hvernig er farið að því. JJ svaraði því þá að til væru reglur sem kvæðu á um þetta í starfsmannalögum, en orðalag í starfsmannastefnunni þurfi að vera jákætt og uppbyggjandi. Stjórnendum

eigi líka að vera það treystandi til þess að gera þetta af virðingu og nærgætni og það sé líka kveðið á um í siðareglum. Mikil umræða um þetta hafi farið fram á Öngulsstöðum. HK vísaði þá í ákveðið mál sem átti sér stað fyrir tveimur árum og er nú rekið fyrir dómstólum og sagði að það væri ekki gott fyrir orðstír háskólans. JJ svaraði því til að það væri mikilvægt að standa vel að starfslokum hjá fólki og það þarf að þjálfja stjórnendur til þess að taka vel á þessum málum. Þetta hafi verið rätt mikið á Öngulsstaðafundinum.

ÞS spurði þá um vinnulag um þessa stýrihóps, eftir fundinn á Öngulsstöðum óskað eftir athugasemdum og hann hafi sent inn tillögu en geti ekki séð að tekið hafi verið til þeirrar athugasemdar. Tillagan var svohljóðandi:

Ef taka þarf ákvörðun um breytingar á skipulagi eða verkaskiptingu, sem eru íþyngjandi fyrir starfsmenn, skal ávallt gæta jafnræðis, réttlætis og meðalhófs í anda stjórnsýsluréttar og laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þetta skal einkum hafa í huga og rannsaka vandlega þegar uppsögn starfsmanns er fyrirhuguð.

HK tók undir með ÞS, taldi bókun hans vera mjög jákvæða og til góða ef hún yrði sett inn í stefnuna.

SM tók upp þráðinn um ráðningu og móttöku nýliða og greindi frá því að nú verði farið í ferlagreiningar innan skólans og munu þá ráðningar koma þar undir. Eitt af gögnum vegna viðurkenningar Háskólans á Akureyri er ferill akademískra ráðninga sem er mjög flókið ferli og margir sem komi þar að málum. Þessi vinna er hluti af gæðastarfi Háskólans á Akureyri. Verklag um móttöku nýliða, bæði akademískra og starfsfólks í stjórnsýslu, sagði SM vera komin á innra net Háskólans á Akureyri. Sambærilegt skjal væri í bígerð fyrir stundakennara, en þeir og gestakennarar séu of oft villuráfangi og verið sé að taka á því.

IÁJ mælti með því að háskólakennurum yrðu veitt starfsmannasamtöl annað hvort ár. Þau geti verið jákvæður stuðningur en séu mikil vinna og þess vegna sé betra að hafa þau á tveggja ára fresti. HÓ tók undir athugasemd ÞS og sagði að hægt væri að vísa til siðareglna varðandi hana. Starfsþróunarviðtölin sagði hann hafa viðgengist í heilbrigðisdeild og hann vilji halda þeim áfram. Viðtölin hefðu að vísu kostað mikla vinnu og þess vegna styddi hann tillögu IÁJ um að hafa þau annað hvert ár nema annars sé óskað að hálfu viðkomandi. SM sagði þá að könnun meðal starfsmanna Háskólans á Akureyri hafi leitt í ljós að einungis um 50% hafi fengið viðtal við sinn yfirmann þó svo að þau eigi að hafa tíðkast frá árinu 2002. Þetta væru m.a. atriði sem úttektaraðilar háskólans tækju út og spyrðu um og það skipti mjög miklu máli fyrir gæðastarf að þessi atriði væru í lagi. Varðandi tillögu um starfsmannaviðtöl annað hvort ár sagði SM að vissulega væru þau mikil vinna, en á móti mætti spyrja hvort hægt sé að láta líða meira en ár þar til yfirmaður setjist niður með starfsmanni og ræði hans starf. Er hægt að láta líða tvö ár með tilliti til kennslukannana, rannsókna og starfsmannaveltu, þar með talda deildarforseta sem gæti orðið til þess að 3-4 ár liðu milli starfsmannaviðtala? Þá væri ekki mikið að græða á því gæðakerfi sem verið er að byggja upp við skólann. LPM ræddi um mikilvægi þess að ráða starfsmannastjóra, en jafnframt að skilgreina kostnað og fjármagna allt sem listað er upp í stefnunni, annars sé hætt við að minna verði um framkvæmd þeirra þátta sem kosta eitthvað.

SÁÁ vakti máls á því að í þættinum um stjórnun mætti orðalagið vera mannlegra samanber yfirskrift siðareglanna, s.s. virðing, réttlæti og jafnrétti. Þessa þætti þyrfti líka hafa að leiðarljósi í starfsmannastefnu skólans. Markmiðið hljóti að vera að læra af fortíð en einnig að marka nýja stefnu. Varðandi áreiti á vinnustað sagði SÁÁ að um þau mál væri rætt í siðareglum en það væri samt spurning hvar þessi mál ættu heima. JJ svaraði því til að Jafnréttisráð hafi haft þetta á sinni könnu en að það þurfi að vera betur skilgreindara ferli. Fólk þurfi að vita hvert og hvernig á að láta vita af svona löguðu og þess vegna þurfi að vera til reglur sem viðkomandi getur farið eftir og fullur trúnaður ríkir um. Það sé hins vegar spurning hvort þetta heyri undir siðanefnd eða jafnréttisnefnd, en ekki hafi verið vísað í siðareglur þar sem þær voru ekki til staðar fyrir þessa vinnu.

PB tók undir með ÞS og HK og sagði tillöguna frá ÞS ágæta. Tillagan ætti að vísu ekki heima í aðgerðaáætlun en ætti að vera hluti að yfirmarkmiðunum sjö, t.d. undir starfslok. JJ sagði að tillagan ætti einhvers staðar heima undir stjórnun. Rektor taldi að vinna mætti með þetta atriði áfram með hliðsjón af siðareglum. SK sagði þá að hann teldi að málefni er vörðuðu uppsagnir starfsmanna ætti að vera í höndum stjórnenda. Þetta væri í samræmi við tillögu Öngulsstaðafundarins, en vissulega geti siðareglur nýst til að styðja við starfsmannastefnuna samanber 23. gr. siðareglanna og þaðan er einnig vísað áfram í stjórnsýslulögin. HK taldi jákvætt að í starfsmannastefnunni sé tekið fram að nýta beri mannauð eins og best sé á kosið. AMM benti þá að í starfsmannastefnunni sé ekki komið inn á svið háskólaskrifstofu og það hafi heldur ekki verið leitað umsagnar þar. Rektor sagði þá þörf á að bæta úr því og spurði hvort einhverjar deildir hefðu ekki fengið starfsmannastefnuna til umsagnar. HÓ og ÁG sögðu stefnuna hafa verið kynnta í heilbrigðisdeild og viðskiptaskor, en IÁJ og ÞS sögðu hana ekki hafa verið kynnta í kennaradeild og raunvísindaskor.

Að lokum spurði rektor fundarmenn hver afstaða þeirra væri til framgangs starfsmannastefnunnar í framhaldinu. Ætti að senda hana aftur í deildir og svið eða ætti stýrihópurinn að taka mið af athugasemdum þessa fundur og senda síðan aftur í deildir? Eða ætti að halda almennan fund um hana? HÓ taldi að það þyrfti að gera eitthvað annað en að vísa stefnunni til deildarfunda því þeir væru stopulir. IÁJ lagði til að unnið yrði áfram með tengiliðum deilda og síðan yrði stefnan send út og að lokum boðað til almenns fundar í hádegi og var það samþykkt.

Kaffihlé: Kl. 14:00-14:15

5. Dagskrárliður – kl. 14:15-14:40

Framsaga Valgerðar H. Bjarnadóttur: Jafnréttisáætlun Háskólans á Akureyri




Endurskoðun jafnréttisáætlunar Háskólans á Akureyri sagði VHB hafa staðið yfir frá febrúar 2007. Fyrri áætlun var samþykkt árið 2002 og hana átti að endurskoða 2004. Þessi áætlun fjallaði um jafnrétti í víðri merkingu, en væri jafnframt stefnumarkandi skjal með nokkrum tillögum að aðgerðum. Í kjölfarið var ákveðið að gera sérstaka áætlun um jafna stöðu kvenna og karla í háskólanum. Jafnréttisáætlunina nú sagði VHB byggða á nýjum lögum nr. 10/2008 um jafnrétti kynjanna. Með þessum lögum eru jafnréttisáætlanir orðnar skylda og lögin í heild geri auknar kröfur til fyrirtæka og stofnana. Í þessum áætlunum þurfi að koma fram aðgerðaáætlun með tímasettum markmiðum, kynjasamþætting í verkferli, að staðan sé tekin reglulega út og síðan uppfærsla á skjalinu þriðja hvert ár sem jafnframt sé skilað til Jafnréttisstofu.



Gerð áætlunarinnar var í höndum VHB en hún hafði einnig samráð við Jafnréttisráð. Ýmsir starfsmenn Háskólans á Akureyri voru fengnir til aðstoðar á úttektinni og viðtöl voru tekin við lykilstarfsfólk, nemendur og aðra hópa. Samráð í vinnuferlinu var við nefnd um gerð starfsmannastefnu, nefnd um jafnt aðgengi að námi og störfum, FSHA, rektor og framkvæmdastjóra.

Tekið var mið af jafnréttislögum og ýmsum áætlunum, rannsóknnum og skýrslum, s.s. lögum nr. 10/2008, lögum um jafnrétti kynjanna í öðrum löndum, Jafnréttisáætlun HÍ og nokkurra erlendra háskóla, og rannsóknnum og könnunum sem varða Háskólann á Akureyri. Við uppbyggingu áætlunarinnar var tekið mat á stöðu kvenna og karla við Háskólann á Akureyri, þ.e. starfsfólks, nemenda, stjórnenda og fulltrúa. Fyrir aðgerðaáætlun var gerð heildarmarkmið fyrir hvern þátt og allar aðgerðir og verkefni voru tímasett. Þá var einnig ábyrgðaraðili ákveðinn.

Mat á stöðu kvenna og karla meðal starfsfólks voru skoðuð þannig að kannaðir voru þættir á borð við laun og önnur kjör, staðsetning í kerfinu og starfsframi, starfsaðstæður, starfsumhverfi og viðhorf. Þá voru hliðar- og undirstofnanir Háskólans á Akureyri skoðaðar og áhrif kvenna og karla á stjórnun og ímynd. Einnig var fjöldi karla og kvenna í nefndum og ráðum kannaður og einnig kynjahlutfall frummælenda á ráðstefnum og opinberum fyrirlestrum. Staða kynjanna meðal nemenda var könnuð þ.m.t. kynjaskipting í deildum háskólans, brottfall og námsárangur, staða nemenda eftir nám í Háskólanum á Akureyri, námsráðgjöf o.fl., og félagsleg þátttaka og þátttaka í nefndum og ráðum. Einnig var kynjameðvitund í náminu könnuð með því að skoðuð voru námskeið með áherslu á kynjasjónarmið og jafnrétti kynja og áhersla á kynjasjónarmið í náminu í heild. Í áætluninni er lögð áhersla á kynjasambættingu og er það í samræmi við nýju lög. Með hugtakinu kynjasambætting er átt við markmið sem miða að því að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Heildarniðurstaðan var sú að karlar hafa meiri völd en konur, en þær sækja nokkuð hratt á. Konur og karlar eru því næst jafn mörg í nefndum og ráðum háskólans, en karlar eru mun fleiri en konur í stjórnun undir- og hliðarstofnana. Karlar hafa hærri laun en konur, þetta á sérstaklega við um háskólaskrifstofuna, en konur sækja þó á og eru nú með hærri grunnlaun en karlar í einstaka deildum, miðað við uppreiknað 100% starf. Þó nokkur munur er á viðhorfi kvenna og karla til starfsaðstöðu, umhverfis og ánægju. Konur eru mun fleiri en karlar meðal nemenda, þær ná betri námsárangri en karlar almennt og brottfall karla úr skólanum er meira en meðal kvenna. Konur leita frekar til námsráðgjafa og hlutfallslega nýta fleiri konur sér undanþágur í námi og prófum. Karlar standa aftur á móti sterkar að vígi á vinnumarkaði eftir nám. Þá sagði VHB að kynjasambætting væri ekki til staðar í náminu ef litið er til náms- og kennsluskrár. Þannig er ekki tryggt að kynjasjónarmiðið komi fram í náminu, þó er vitað að sumir kennarar leggja áherslu á kynjasjónarmið í sinni kennslu. Kynjafræði er kennd við einstakar deildir og HA er á svipuðu róli og aðrir háskólar hvar varðar áherslu á nám í forvörnum gegn og viðbrögðum við kynbundnu ofbeldi, skv. úttekt Barnaheilla. Eftirfarandi töflur sýna myndræna niðurstöðu kannana sem gerðar voru í úttektinni fyrir jafnréttisáætlun Háskólans á Akureyri:





Í jafnréttisáætluninni sagði VHB vera aðgerðaáætlun í átta liðum, byggir á úttektinni um núverandi stöðu kynjanna við HA, niðurstöðum annarra rannsókna og úttekta síðustu ár, kröfunum sem löggin setja fram og helstu stefnum og straumum sem einkenna starf að jafnrétti kynjanna í heiminum í dag. Í aðgerðaráætluninni er lögð áhersla á samþættingu kynjasjónarhorns, metnað og fagleg vinnubrögð og hún er eftirfarandi:

1. Ábyrgð og stjórnun

- 1.1. Jafnréttisráð
 - nýtt ráð sem sinnir jafnrétti í víðri mynd en leggur áherslu á þessa áætlun fyrsta árið
- 1.2. Jafnréttisráðgjafi
 - faglegur ráðgjafi
- 1.3. Jafnréttisfulltrúar
 - eins konar tilsjónarfólk

2. Kynjasamþætting í stjórnsýslunni

- 2.1. Kynning og fræðsla í upphafi
- 2.2. Gátlisti v/kynjasamþættingar
- 2.3. Áætlanir deilda, sviða og undirstofnana
- 2.4. Kyngreindar upplýsingar

- 2.5. Almenn fræðsla og ráðgjöf um jafnréttismál
- 2.6. Jafnrétti kynja í minnihlutahópum

3. Laun starfsfólks

- 3.1. Rannsókn á launamun kynjanna hjá HA
 - Óháður rannsóknaraðili
 - Greina á milli mismunar og mismununar
- 3.2. Áætlun um að útrýma kynbundnum launamun
 - Leiðréttá strax hugsanlega mismunun
 - Vinna markvisst að leiðréttingu á launamun kynjanna sem á sér aðrar skýringar

4. Kynjaskipting starfa

- 4.1. Auglýsingar og ráðningar
- 4.2. Stjórnunarstöður
 - Vinna markvisst að því að jafna stöðuna
- 4.3. Stjórnun undir- og hliðarstofnana
- 4.4 Rannsóknir
 - Sértaekar aðgerðir ef þörf krefur til að hvetja konur til aukinna rannsókna

5. Nefndir og ráð

- 5.1. Kona og karl í hvert sæti
 - Tryggja núverandi stöðu með meðvitaðri skipan
- 5.2. Framkvæmdastjórn og gæðaráð
 - Ath. sérstaklega nefndir sem eru skipaðar ákveðnum fulltrúa

6. Starfsumhverfi

- 6.1. Fræðsla
 - Fræðsla um eðli, afleiðingar og viðbrögð við kynbundinni /kynferðislegri áreitni skal vera hluti af almennri fræðslu
- 6.2. Skýrt viðbragðsferli við tilkynningu um kynferðislega /kynbundna áreitni
- 6.3. Samræming einkalífs og vinnuábyrgðar

7. Staða nemenda

- 7.1. Aukið hlutfall karla meðal nemenda
 - starfshópur til að skoða möguleika á að auka hlutfall karla meðal nemenda og setja fram hugmyndir til úrbóta
- 7.2 Bætt staða kvenna á vinnumarkaði eftir nám
 - Aukin ráðgjöf
- 7.3. Námsráðgjöf og staða kynjanna
- 7.4. Jöfn virkni kvenna og karla í félagsstarfi

8. Kynjasambætting í náminu

- 8.1. Kynjafræði
 - Boðið skal upp á kynjafræði fyrir nemendur á öllum brautum skólans
- 8.2. Kynjasambætting í námsgreinum

- Skoða skal alla námsþætti m.t.t. þess hvort kyn getur verið breyta í viðkomandi námsþætti
- 8.3. Nám um áhrif kynbundins ofbeldis á heilsu
 - Heilbrigðisdeild og sálarfræði
- 8.4. Nám um forvarnir gegn og viðbrögð við kynbundnu ofbeldi
 - Kennaradeild

VHB sagði áætlun þessa afar metnaðarfulla og að hún geri kröfur til allra aðstandenda Háskólans á Akureyri og þær kröfur fari jafnvel fram úr þeim sem lögin hafa sett fram. Ef unnið er markvisst eftir henni mætti ætla að HA geti innan fárra ára státað af jafnri stöðu kynjanna á flestum sviðum. Þá geti HA orðið fyrirmynd annarra og haft veruleg áhrif í þá átt að mismunun og misrétti víki fyrir jafnvægi og jöfnum möguleikum kvenna og karla í samfélaginu í heild.

Almennar umræður um jafnréttisáætlun:

Fundarmenn voru mjög ánægðir með framtak Valgerðar og góður rómur var gerður að vinnubrögðum og framsetningu skýrslunnar. IÁJ taldi aðgerðaráætlanirnar raunhæfar, bæði hvað varðaði námsókn karla og alhliða möguleika kvenna. SK gerði athugasemd við birtingar á niðurstöðum um mat á stöðu karla og kvenna og sagði nauðsynlegt að þar kæmi skýrt fram hvenær mælingar fóru fram. Einnig efaðist hann um réttmæti þess að í stefnunni væri fyrirmæli og tímatakmarkanir um námsframboð varðandi áhrif kynbundins ofbeldis eins og kemur fram á bls. 12 í áætluninni. GRÞ tók undir gagnrýni SK um mikilvægi þess að hafa úttektir sem þessar tímasettar því mikið hafi breyst varðandi framgang síðan þessar mælingar voru framkvæmdar. VHB taldi þessa gagnrýni réttmæta og sagði að skýrslan hefði átt að vera tilbúin í ársbyrjun 2008. Athyglisvert væri að í úttektinni að kynskipting sviðstjóra í efsta lagi pýramídans væri nokkuð jöfn, en laun væru samt hærri hjá körlum. Mikilvægt væri að athuga hvort þar væri um að ræða mismun eða mismunun. HÓ ræddi um námsframboð um kynbundið ofbeldi og taldi að bæði heilbrigðisdeild og félagsvísindadeild ættu að bjóða upp á slík námskeið. VHB svaraði því til að námskeið um þetta ættu heima í flestu námi, t.d. einnig lögfræði og kennslufræði. Þessu til stuðnings vísaði hún til úttektar sem Barnaheill létu gera um námsframboð háskóla um þessi mál.

IÁJ taldi nauðsynlegt að vísa jafnréttisáætluninni til umræðu í deildunum, sérstaklega vegna þess að þarna væri kveðið á um að kennsla í kynjafræðum verði aukin. Viðbúið sé að það þurfi að bakka með einhver ákvæði ef ekki næst samstaða um þau. Hann sagðist ætla að leggja til við deildarforseta að haldin yrði vinnufundur um þetta í kennaradeild í vor. PB taldi mikilvægt að huga að fjölgun karla í hóp nemenda háskólans. Hann sagðist hafa kennt kynjafræði með IÁJ undanfarin ár en velti því fyrir sér hvort rétt væri að skipa deildum fyrir með þessum hætti þar sem námskrá sé á valdi deilda þótt sjálfsagt sé að efla kynjafræði. Eflaust væri verið að efla kynjafræði í kennaranáminu og IÁJ tók undir það og sagði að næsta haust yrði skylda að taka kynjafræði í framhaldsnámi kennaradeildar. VHB tók undir þetta og sagði þetta ákvæði sannarlega umdeilt en ákveðið hefði verið að láta á það reyna.

RB taldi að málefni eins og sjálfbær þróun og kynjafræði ætti að hafa í málstofum nemenda því hlutverk þeirra væri að miðla upplýsingum. HK sagði athyglisvert að aðeins tvær konur séu prófessorar við skólann og taldi nauðsynlegt að fram kæmi í

jafnréttisáætluninni að konur muni njóta jákvæðrar mismunar. VHG sagði ýmis teikn á lofti um að sú staða sé að breytast. Fleiri konur hafi nú doktorspróf og nokkrar komnar langt í doktorsnámi. LPM telur mikilvægt að fá það á hreint hvort um sé að ræða mismun eða mismunun á launum starfsfólks eftir kyni, ekki síst innan háskólaskrifstofu. Hún telur mjög óþægilegt fyrir Háskólann á Akureyri að konur innan skólans séu þeirra skoðunar að þar sé kynbundin launamunur skv. niðurstöðum úr Parx könnuninni. Þetta þyrfti að rannsaka og koma á hreint. VHG fór yfir kynjaskiptingu í efstu lögum í skipuriti stjórnunar þar séu nú fleiri konur en voru þegar launin voru skoðuð síðast og þess vegna kunni þetta að hafa breyst, sérstaklega innan háskólaskrifstofu þar sem 4 af 5 forstöðumönnum séu konur. HK taldi skipuritið ekki lýsa stöðu þeirra sem þarna voru nefndir. Þeir sem þarna væru sagðir í efstu lögum háskólans væru það ekki í raun heldur væru þeir lægra settir en aðrir sem eru þar ekki.

Að lokum lagði rektor til að jafnréttisáætluninni yrði vísað til deilda Háskólans á Akureyri til frekari umræðu og var það samþykkt. VHB þakkaði fyrir samstarfið og sagði mikilvægt að eiga góða samvinnu við þá sem hafa lykilupplýsingar innan skólans. Margir hafi lagt hönd á plóginn en Steinunn Aðalbjarnardóttir hafi unnið hvað ötullegast og verið einstaklega hjálpleg í þessari vinnu.

6. Dagskrárliður – kl. 15:55-16:00

Samantekt

Í samantekt þakkaði rektor fundarmönnum störfín og sagði fundinn hafa verið árangursríkan. Margir hefðu lagt hönd á plóg og það væri styrkur fyrir háskólann að fá ábendingar frá fundarmönnum. Umræða meðal jafningja myndi skila sér í stefnumótun háskólans. Næsta háskólafund sagði hann verða haldinn strax á næsta haustmisseri vegna mikilla skipulagsbreytinga innan skólans.